

Ársreikningur RARIK fyrir árið 2016

Hagnaður RARIK á árinu 2016 var tveir milljarðar króna.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður ársins 2.040 milljónum króna sem er meira en áætlanir gerðu ráð fyrir, en lækkaði um 8% frá árinu 2015 þegar hagnaður ársins nam 2.220 milljónum króna. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) nam 5.066 milljónum króna eða 34,5% af veltu ársins, samanborið við 31,3% á árinu 2015. Handbært fé frá rekstri nam 3.487 milljónum króna.

Rekstrartekjur hækkuðu um 10,7% frá árinu 2015 og námu 14.670 milljónum króna og rekstrargjöld hækkuðu á milli ára um 6% og námu 11.399 milljónum króna.

Rekstrarhagnaður af starfsemi RARIK fyrir fjármagnsliði (EBIT) á árinu 2016 nam 3.271 milljónum króna sem er 31% hækkun frá fyrra ári. Styrking krónunnar og lág verðbólga gerði það að verkum að fjármagnsliðir voru hagstæðari en áætlað var. Hagnaður var því meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur námu um 293 milljónum króna, en á árinu 2015 námu þau 850 milljónum króna. Hlutdeild í tapi Landsnets hf., hlutdeildarfélags RARIK, sem færð er í rekstrarreikning nam 344 milljónum króna á móti hlutdeild í hagnaði að upphæð 903 milljónum á árinu 2015.

Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir RARIK í árslok 57.722 milljónum króna og lækkuðu um 29 milljónir króna á milli ára. Heildarskuldir námu 21.588 milljónum króna og lækkuðu um 540 milljónir króna frá fyrra ári. Eigið fé var 36.134 milljónir króna og er eiginfjárlutfall því 62,6% samanborið við 61,7% í árslok 2015. Fjárfestingar ársins að frádregnu söluandvirði seldra rekstrarfjármuna námu 3.029 milljónum króna, sem er minna en áætlað var en um 597 milljónum króna hærra en árið á undan.

Stjórn RARIK ohf. leggur til við aðalfund að greiddar verði 310 milljónir króna í arð til eiganda RARIK sem er Ríkissjóður Íslands.

Samstæðuársreikningur RARIK ohf. er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum.

RARIK tók erlent lán að fjárhæð 3.525 milljónir króna á árinu 2016 til fjármögnunar frekari fjárfestinga í lagningu jarðstrengja.

Horfur í rekstri RARIK á árinu 2017 eru góðar. Gert er ráð fyrir að hagnaður ársins verði heldur minni en á árinu 2016 og að fjárfestingar samstæðunnar aukist á milli ára.

Helstu stærðir samstæðureiknings RARIK, allar fjárhæðir í milljónum króna.

	2016	2015	2014	2013	2012	2011	2010	2009
Rekstartekjur	14.670	13.252	12.521	11.793	11.412	10.768	9.694	8.703
Rekstrargjöld	11.399	10.755	9.513	9.108	8.428	8.547	7.907	6.973
Rekstrarhagnaður	3.271	2.497	3.008	2.684	2.984	2.221	1.787	1.731
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-293	-850	-748	-867	-1.282	-1.233	56	-1.804
Áhrif hlutdeildarfélags	-344	903	847	491	180	189	802	331
Hagnaður/tap fyrir skatta	2.634	2.550	3.107	2.309	1.882	1.177	2.646	257
Tekjuskattur	-594	-330	-446	-362	-341	-164	-127	440
Hagnaður (Tap)	2.040	2.220	2.661	1.947	1.541	1.014	2.518	697
Eignir samtals	57.722	57.751	48.536	46.787	44.569	37.262	37.032	35.663
Eigið fé	36.134	35.623	29.495	27.144	25.507	19.327	18.314	15.982
Skuldir	21.588	22.128	19.041	19.643	19.062	17.935	18.718	19.682
Handbært fé frá rekstri	3.487	3.587	3.837	3.541	3.257	2.779	2.067	1.847
Greidd vaxtagjöld	727	741	649	657	630	623	842	749
EBITDA	5.066	4.151	4.719	4.300	4.351	3.520	3.054	2.843
Vaxtaþekja	6,97	5,60	7,27	6,54	6,91	5,65	3,63	3,80
Eiginfjárhlutfall	62,6%	61,7%	60,8%	58,0%	57,2%	51,9%	49,5%	44,8%
Velta								
EBITDA/Velta	34,5%	31,3%	37,7%	36,5%	38,1%	32,7%	31,5%	32,7%

Ársreikningur RARIK 2016 var samþykktur á fundi stjórnar þann 23. febrúar, 2017 og heimilaði stjórn birtingu hans í Kauphöll Íslands.

Nánari upplýsingar veitir Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri RARIK í síma 528-9000.